## **Ármann** Þórarinn **Halldórsson**

- **F.** 29. desember 1909 á Bíldudal. D. 29. apríl 1954.
- **Foreldrar:** Elísabet Bjarnadóttir húsfreyja, f. 20. maí 1875 í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, d. 5. mars 1956, og Halldór Bjarnason búfræðingur frá Ólafsdalsskóla, verkstjóri á Bíldudal og síðar kaupmaður á Ísafirði, f. 5. ágúst 1877 í Norðfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, d. 21. apríl 1920.
- **Maki:** Sigrún Guðbrandsdóttir kennari, f. 13. júlí 1912 í Viðvík í Skagafirði, d. 27. mars 2002. Þau gengu í hjónaband 20. desember 1941.
- **Foreldrar maka:** Anna Sigurðardóttir f. 10. janúar 1881 í Reykjavík, d. 1. janúar 1961, og Guðbrandur Björnsson prófastur í Viðvík og á Hofsósi í Skagafirði, f. 15. júlí 1884 í Flateyrarhreppi, Ísafjarðarsýslu, d. 30. apríl 1970.
- **Börn:** Halldór, f. 3. október 1942, Guðbrandur, f. 19. maí 1944, d. 21. nóvember 2014, Steinunn, f. 20. febrúar 1946, Áslaug, f. 19. október 1947 og Halldís, f. 1. desember 1951.

**Námsferill:**

- Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1931.
- Nám við háskólann í Osló 1931-1934 og 1935-36.
- Magisters-próf í sálfræði með lífeðlisfræði og heimspekisögu sem aukagreinar frá háskólanum í Osló 1936. Lokaverkefni fjallaði um greindarpróf á börnum.
- Framhaldsnám í barnasálfræði við háskólann í Vínarborg 1937-1938, sem og í sáltækni í Vínarborg og Kaupmannahöfn 1938.

**Starfsferill:**

- Stundakennari við gagnfræðaskólann og iðnskólann á Ísafirði 1934-1935 og fékkst einnig við greindarmælingar á börnum í rannsóknarskyni.
- Kennari við Kennaraskóla Íslands 1936-1937 og 1938-1941.
- Stundakennari við Samvinnuskólann 1938-1941.
- Skólastjóri Miðbæjarskólans í Reykjavík 1941-1949.
- Námsstjóri gagnfræðaskóla Reykjavíkur frá 1951 til dauðadags.

**Félagsstörf:**

- Formaður Menningar- og fræðslusambands alþýðu, MFA, 1938-1950.
- Í Ungmennadómi Reykjavíkur meðan hana starfaði (1942-1943). Dómurinn úrskurðaði í málum stúlkna sem talið var að sýndu af sér lauslæti gagnvart erlendum hermönnum og ástæða þótti til að koma fyrir á sérstökum heimilum.
- Í milliþinganefnd í skólamálum 1943 og „skólamálanefndinni“ sem undirbjó skólalöggjöfina sem lögfest var á Alþingi 1946 og 1947.
- Sat í miðstjórn Alþýðuflokksins og gegndi mörgum öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.
- Meðal stofnfélaga Félags íslenskra sálfræðinga 15. mars 1954 en lést nokkrum vikum síðar.

**Viðurkenningar:**

- Styrkur úr Snorrasjóði til námsins í Osló. Norðmenn gáfu íslenska ríkinu sjóðinn 1930, alls kr. 100 þús.

**Ritstörf m.a.:**

- Greind og greindarmælingar. *Menntamál*, X. árg., 2. tbl., maí-sept 1937, bls. 81-101. Sjá: https://timarit.is/page/4552413?iabr=on#page/n2/mode/1up/search/%E2%80%A2Greind%20og%20greindarm%C3%A6lingar. Sótt 8.7 2020.
- Starf frú Charlotte Bühler og samverkamanna hennar. *Menntamál*, XI. árg., 2. tbl., júní-des 1938, bls. 65-76. Sjá: https://timarit.is/page/4552644#page/n1/mode/2up. Sótt 4.8 2020.
- Skólamál á Englandi. *Alþýðublaðið*, 27. janúar 1944, bls. 4. Sjá: https://timarit.is/page/1069518?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 5.8 2020.
- Vorskólinn. *Alþýðublaðið*. 5. maí 1944, bls. 6. Sjá: https://timarit.is/page/1070144?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 5.8 2020.
- Tillögur um skólamál. *Alþýðublaðið*, 18. apríl 1945, bls. 4 og 6. Sjá: https://timarit.is/page/1072228?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 5.8 2020.
- Sigurður Thorlacius látinn. *Menntamál*, XVIII. árg., 5. tbl., september 1945, bls. 120-121. Sjá: https://timarit.is/page/4553936#page/n9/mode/2up. Sótt 4.8 2020.
- Lög um skólakerfi og fræðsluskyldu. *Menntamál*, XIX. árg., 3. tbl., maí 1946, bls. 73-77. Sjá: https://timarit.is/page/4554116?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 4.8 2020.
- Bertrand Russell. *Líf og list*, 2. árg., 3. tbl., 1951, bls. 6-9. Sjá: https://timarit.is/page/5384758#page/n5/mode/2up. Sótt 4.8 2020.
- John Dewey 1859-1952. *Menntamál*, XXVI. árg., 1. tbl., janúar - mars 1953, bls. 1-5. Sjá: https://timarit.is/page/4555448?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 4.8 2020.
- *Fræðslulöggjöf og skólahald (útvarpserindi). Menntamál, XXVI. árg., 3. tbl., okt. 1953, bls. 93-104. Sjá: https://timarit.is/page/4555548#page/n25/mode/2up, Sótt 4.8 2020.*
- Núgildandi fræðslulöggjöf. *Menntamál*, XXVIII. árg. 2, apríl-júní 1955, bls. 65-83. Sjá: https://timarit.is/page/4555917?iabr=on#page/n2/mode/1up/search/%E2%80%A2N%C3%BAgildandi%20fr%C3%A6%C3%B0slul%C3%B6ggj%C3%B6f. Sótt 8.7 2020.
- Fjöldi greina í blöð og tímarit um skóla- og uppeldismál, sem og erindi á þingum og ráðstefnum kennara um skóla- og uppeldismál, t.d. á Uppeldismálaþingi í júní 1939. Þá var hann framsögumaður á Uppeldismálaþingi Sambands íslenskra barnakennara og Landsambands framhaldsskólakennara í Reykjavík í júní 1951 og nefndist erindi hans Unglingafræðslan og samband hennar við barnaskóla- og gagnfræðanám. Einnig er að nefna útvarpsfyrirlestra um barnasálfræði og uppeldisfræði.
- Saga barnaskóla í Reykjavík til 1930. Þuríður J. Kristjánsdóttir bjó til útgáfu. Kennaraháskóli Íslands 2001.

  Fram kemur í minningargrein Helga Elíassonar um Ármann í Menntamálum 1954 að hann hafi unnið að þessari sögu um barnaskóla í Reykjavík í veikindaleyfi á árunum 1949-1951. Í tölvupóstsamskiptum þess er þetta ritar við börn Ármanns í október 2020 kemur fram að árið 2001 hafi Gerður Óskarsdóttir fræðslustjóri í Reykjavík greint Steinunni Ármannsdóttur frá því að hún hefði undir höndum handrit að þeirri sögu og vildi að hún yrði gefin út. Leyfi barna Ármanns til þess var veitt og kom bókin út 2001 eins og að ofan greinir.

- Ritstjóri Menntamála, tímarits um uppeldis- og fræðslumál, frá 1947 til dauðadags. Tímaritið var gefið út af Sambandi íslenskra barnakennara og Landsambandi framhaldsskólakennara.

**Þýðingar m.a.:**

- Kristmann Guðmundsson. Brúðarkjóllinn. Reykjavík. Útg. Ólafur Erlingsson, 1933. (úr norsku)
- Kristmann Guðmundsson. Bjartar nætur. Reykjavík. Útg. Ólafur Erlingsson, 1934. (úr norsku).
- Bernhard Russel. Uppeldið. Reykjavík. Útg. Ólafur Erlingsson, 1937.
- Charlotte Bühler. Hagnýt barnasálarfræði. Reykjavík. Útg. Ólafur Erlingsson, 1939.
- Edgar B. Schieldrop. Fluglistin. Reykjavík. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1939.
- Binet & Burt. Greindarpróf (ásamt Símoni Jóh. Ágústssyni). Reykjavík. Fræðslumálastjórnin, 1940.
- Lewis Broad. Ævisaga Churchills. Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1940.
- André Maurois. Ariel. Frásögn af ævi Shelley. Reykjavík. Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1950.
- Axel Hagnell og dr. Gunar Olander: Mannkynssaga (handa skólum á gagnfræðastigi). Akureyri. Bókaútgáfa Þorsteins M. Jónssonar, 1952.

**Heimildir:**


- Elísabet Bjarnadóttir í Íslendingabók. Sótt 3.2 2020.
- Sigrún Guðbrandsdóttir í Íslendingabók. Sótt 3.2 2020.
- Halldór Bjarnason í Íslendingabók. Sótt 3.2 2020.
- Fæðingar- og dánardægur annarra borin saman við Íslendingabók 3.2 2020.
- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Tölvupóstsamskipti við börn Ármanns (Áslaugu, Steinunni og Halldór) í október 2020.
- Ólafur Þ. Kristjánsson. Kennaratal á Íslandi I. Prentsmiðjan Oddi hf. 1958.
- *Alþýðublaðið* 29.8 1940. Viðtal við Ármann Halldórsson, formann MFA, í tilefni af nýrri bók eftir Gunnar Gunnarsson. https://timarit.is/page/1056046#page/n0/mode/2up. Sótt 3.2 2020.
- Eggert Þór Bernharðsson: Blórabögglar og olnbogabörn. „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði. *Sagnir*, 1. tbl. 1996, bls. 81-101. https://timarit.is/page/5954519?iabr=on#page/n21/mode/2up. Sótt 4.2 2020.
- Helgi Elíasson. Ármann Halldórsson námsstjóri. (minningargrein). *Menntamál*, 27. árg., 2.-4. tbl. 1954. https://timarit.is/page/4555704?iabr=on#page/n33/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020.
- Jón Jóhannesson. Dánarminning. Ármann Halldórsson námsstjóri. *Tíminn*, 101. tbl., 7.5 1954, bls. 3. https://timarit.is/page/1020703?iabr=on#page/n1/mode/2up/search/fluglistin%20%20Andr%C3%A9%20%C3%A1rmann. Sótt 5.2 2020.
- Benedikt Tómasson. Minningarorð: Ármann Halldórsson námsstjóri. *Alþýðublaðið*, 7. maí 1954, bls. 5 og 7. Sjá:

https://timarit.is/page/1099027?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 6.11 2020.

- Pálmi Jósefsson. Mikilhæfur skólastjóri. *Alþýðublaðið*, 7. maí 1954, bls. 5. Sjá: https://timarit.is/page/1099027?iabr=on#page/n3/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 6.11 2020.
- *Menntamál*, X. árg., maí-sept 1937, bls. 81-101. https://timarit.is/page/4552413?iabr=on#page/n2/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020. (Grein Ármanns um greind og greindarmælingar).
- *Menntamál*, XIV. árg., 2. tbl., 1941, bls. 85. https://timarit.is/page/4553200?iabr=on#page/n37/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020. (Um þýðingar Ármanns).
- *Menntamál*, X. árg., 2. tbl. 1937, bls. 157.. (Ritfregn um Uppeldið eftir Bertrand Russel).https://timarit.is/page/4552489?iabr=on#page/n78/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020.
- Ármann Halldórsson lézt í gær. *Alþýðublaðið*, 95. tbl., 30.4 1954. https://timarit.is/page/1098747?iabr=on#page/n7/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020.
- *Menntamál*, 3. tbl., 1952. (um útgáfu Mannkynssögu handa skólum á gagnfræðastigi) https://timarit.is/page/4555408?iabr=on#page/n41/mode/2up/search/%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson. Sótt 4.2 2020.
- Hlín, 23. árg. *Ársrit íslenskra kvenna*. Útgefandi og ritstjóri: Halldóra Bjarnadóttir, Akureyri. (bls. 122 um Snorrasjóð). https://timarit.is/page/4982617?iabr=on#page/n123/mode/2up. Sótt 4.2 2020.
- *Menntamál*, 2. tbl. 1936. (um greindarmælingar Ármanns á Ísafirði 1934-1935). https://timarit.is/page/4552154?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/%22%C3%81rmann%20Halld%C3%B3rsson%22. Sótt 4.2 2020.



Mynd úr Menntamál, X. árg., maí-sept 1937, bls. 81.



Mynd með minningargrein í Menntamál , 2.-4. tbl. 1954, bls. 71.